

Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Starfsáætlun 2023 – 2024

Urðarhóll



Sunnuhóll



Stubbasel



Kópavogsbær
Október 2023

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	4
Skólastarfið.....	4
4. Mat á skólastarfi.....	6
Innra mat leikskólans.....	6
Ytra mat	8
Umbótaáætlun	10
5. Áherslur í starfi leikskólans	10
Þróunar- og nýbreytnistarf	11
6. Foreldrasamstarf	11
Foreldraráð.....	11
Foreldrafélag	11
7. Starfsmannamál	11
Samsetning starfsmannahópsins	11
8. Símenntunaráætlun.....	12
Skipulagsdagar	13
9. Aðrar upplýsingar	13
Fjöldi barna (hvað eru mörg börn næsta leikskólaár, aldurskipting, hve mörg börn tvítýngd/þrítýngd), dvalartími barna, sérkennsla)	13
Húsnæði og lóð.....	14
Skólaárið 2022 - 2023	Error! Bookmark not defined.
Ósk um viðhald skólaárið 2023 – 2024.....	14
Öryggismál.....	14
10. Fylgigögn.....	15
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	15
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	15
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	15
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	15

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2022 – 2023 var lagt upp á hefðbundinn hátt þar sem áhersla var lögð á að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Kennarar héldu uppi hefðbundnu skólastarfi eftir bestu getu þar sem íþróttir og útinám voru einu sinni í viku, tónlistarstarf var einnig einu sinni í viku auk þess sem deildir fóru í hópastarf með áherslu á sköpun, umhverfisvernd og félagslega færni. Reynt var eftir fremsta megni að halda skipulögðu starfi þrátt fyrir hindranir.

Haustið var álagsmikið bæði þar sem verið var að opna nýja deild fyrir 25 börn auk þess sem erfiðlega gekk að manna stöður skólans. Erfitt var að halda uppi faglegu starfi þar sem undirmönnun og bútasamur í starfsmannahaldi var hvern einasta dag. Starfsfólk var bugað í lok vetrar þar sem það upplifði að ekki hafi verið hægt að halda uppi leikskólastarfi samkvæmt aðalnámskrá þar sem mat, áætlanagerðir og fl. sátu á hakanum og eingöngu var tími í að halda grunnþjónustu og skólanum opnum dag hvern vegna undirmönnunar.

Þegar horft er til baka er ég þakklát að halda því góða fólki sem enn er í starfi þar sem síðastliðin þrjú skólaár hafa verið miklar áskoranir samhliða hefðbundnu skólastarfi. Það er þrekaun að ganga í gegnum þær aðstæður sem við í Heilsuleikskólanum Urðarhóli höfum gert samhliða fullsetnum skóla síðastliðin ár.

- Heimsfaraldur
- Flytja starfsemi Skólatraðar í húsnæði Undralands að Hábraut 3 sumarið 2021
- Skipta um gólfdukk í Urðarhóli haustið 2021 samhliða hefðbundnu skólastarfi
- Loka húsnæði og þétta raðirnar í 7 vikur meðan verið var að laga myglu í húsnæði Stubbasels vorið 2022
- Opna nýja deild fyrir 25 börn haustið 2022 sem kom 8 vikum of seint svo við opnuðum tímabundið starfsstöð í húsnæði Siglingarklúbb Ýmis.
- Loka starfsstöð Skólatraðar sumarið 2023 þar sem húsnæðið að Hábraut 3 verður framvegis rekið undir Kópasteini að Hábraut 5.

Skólaárið 2023 – 2024 fer vel af stað og má þar þakka breyttum áherslum í leikskólum Kópavogs. Betur gekk að manna stöður skólans. Útlit er fyrir að álagið sé minna þar sem dregið hefur úr dvalartímum barna og því rýmri tími til að sinna hverju og einu barni betur. Allflestir kennarar hafa kosið að verja vinnustyttingu sinni í vetrafrí, jólafrí og páskafrí sem gerir það að verkum að hver kennari skilar 44 mínútum lengur á viku í starfi á gólfinu með börnum. Kennarar sjá fram á að geta sinnt skráningu, faglegri ígrundun og einstaklingsþörfum hvers og eins betur í því landslagi sem er í vændum. Það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun.

Haldið verður áfram að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun. Hópastarfið verður tengt okkar áherslum þar sem við vinnum þvert á námssvið leikskóla með áherslu á nám í gegnum leik. Ekki hefur náðst að ráða íþróttakennara til starfa svo kennarar deilda munu sjá um íþróttakennsluna og vinna saman í teymi til að samræma starfshætti.

Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir nýútskrifaður leikskólakennari með klassískt tónlistarnám að baki mun vera fagstjóri í tónlist. Hún verður einn dag í viku á hverri eldri deild skólans og tekur söngstund einu sinni í viku á yngri deildum. Hún mun leggja upp með að kynna hljóðfæri, takt, ryþma og fleira í sínum stundum auk þess sem hún verður leiðandi í söngnámi barnanna í vetur. Hún ætlar að gera söngbók Urðarhóls rafræna og aðgengilega fyrir foreldra til að tengja foreldra betur inn í starf skólans.

Þetta skólaár erum við með þrjú þróunarverkefni í gangi það eru verkefni Krakkakunst, Komdu út að leika og skapa og Foreldrafærni.

Okkur býðst að taka þátt í hugleiðslutilraun hér á Kársnesinu þar sem fyrrum faðir hér í hópnum og íbúi á Kársnesi er að bjóða kennurum á Kársnesi uppá frítt námskeið og eftirfylgni í eitt ár. Við í Urðarhóli eru að sjálfsgöðu með í þessu verkefni og vonumst til að fá verkfæri til að draga úr álagi og streitu hjá kennurum skólans.

Verkefnið okkar um „Sjálfbærni og minni matarsóun“ er enn í fullum gangi og hefur Birna Bjarnarson haldið utan um það. Hænurnar okkar eru orðnar 3 ára og verpa því minna og því komum við til með að fá nýjar hænur eða unga sem verður gaman að fylgjast með. Einnig erum við að reyna að minnka lífrænt sorp og vera sjálfbær með að vinna það sjálf. Fengum við okkur því jarðgerðartank og er stefnan að reyna að minnka kílóafjölda af því sem keyrt er frá okkur eins mikið og hægt er.

3. Leiðarljós leikskólans

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, lögum um leikskóla, Aðalnámsskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðin og heiltæka skólustefna. Skólanámsskrá Heilsuleikskólans Urðarhóls byggir á því að hafa heilsu og vellíðan barnanna í fyrirrúmi. **Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun.**

Skólastarfið

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er unnið með áherslu á heilsufar barnanna samkvæmt Heilsustefnunni sem var mótuð hér í skólanum þ.e. í Skólatröð á árunum 1995 – 1996 og eru 23 leikskólar víðsvegar um landið sem starfa samkvæmt þeirri stefnu í dag. Við teljum að auka megi gleði og vellíðan barnanna með hollum mat, mikilli hreyfingu og útiveru. Einnig að sköpun sé góð aðferð til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar með söng, leiklist, dansi og fá að skapa óhindrað úr verðlausum og opnum efnivið.

Í hreyfipættinum er lögð áhersla á að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor. Auk þess að efla vitneskju um líkamann, styrkja sjálfsmynd, stuðla að betri hreyfifærni, auðvelda samskipti og læra hugtök.

Varðandi næringuna er lögð áhersla á að hafa sem minnst af viðbótar fitu, sykri og salti í matnum, lögð er áhersla á mikilvægi fæðuhringsins og matarhefðir í hávegum hafðar. Öll börn fá lýsi sem viðbót við fæðuna til að fyrirbyggja skort á D vítamíni. Í Urðarhóli bjóðum við uppá ferskmeti sem unnið er hér á staðnum.

Lögð er áhersla á sköpun til að örva tjáningu, auka hugmyndaflug, sköpunargleði og að kynnast mismunandi efniviði og handfjatla hann, einnig að skynja fegurð í umhverfinu. Í starfi skólans er reynt að hafa einfaldleikann í fyrirrúmi og að njóta líðandi stundar.

Allt er þó með ákveðnu skipulagi, sem sveigt er til, ef það má verða til þess að auka gleði og vellíðan. Auk þeirra þriggja þátta sem fyrr er greint frá, er lögð áhersla á að svefnþörf barnanna sé fullnægt í skólanum. Áhersluþættirnir þrjú eru alltaf til staðar í hugsun og vinnu kennaranna.

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim skapast heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggja á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur líka fyrir komandi kynslóðir. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði, mannréttindi, heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar.

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hvernig það þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærni, menntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

Grunnþættirnir eru þó ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er.

Námssvið leikskólans - Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Góður tími er gefinn fyrir leikinn í skólanum og er reynt að láta sjálfsprottna leikinn hafa nægan tíma í skólastarfinu, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín með þau leikefni sem eru í boði, bæði inni og úti. Allt starf leikskólans byggir á því að börn læra best í gegnum leik. Námssvið leikskóla; **læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning** eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Markmið og leiðir má finna í skólanámskrá Urðarhóls.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Heilsuleikskólans Urðarhóli eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		X		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun		X		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	X	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	X	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	X	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		X		x
Námssvið leikskólans	x	X	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	X	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		x
Velferð og líðan barna	x	X	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		X		x
Viðhorf foreldra		X		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2022 – 2023

Innra mat 2022 – 2023

Heilsubók barnsins

Einstaklingsmat er gert tvisvar á ári þar sem kennarar deilda meta stöðu barns í þroska og getu í áherslum skólans þ.e. næring, hreyfing, sköpun og félagsleg færni. Í heilsubókarmati fær kennari yfirlit á stöðu barnanna í þeim þáttum sem skólinn leggur áherslu á og er gott aðhald í að efla og styðja við námsumhverfi barnanna. Foreldrar fá svo viðtal þar sem farið er yfir stöðu barnsins í þroska í afmælistíðni barnsins.

EFI 2

Málproskamat er lagt fyrir öll börn á þriðja aldursári þ.e. þar sem skilningur og framburður barns er skoðaður. Börn sem koma út undir meðalfærni fá viðbótarkennslu hjá sérkennara. Þau börn sem fá viðbótarkennslu eru endurmetin eftir 3 mánuði og þá metið hvort frekari íhlutun sé þörf.

Hljóma 2

Málproskamat þar sem hljóðkerfisvitund barnsins er metin. Þau börn sem koma með undir meðal færni fá viðbótarkennslu hjá sérkennara og endurmat tekið eftir 9 mánuði.

Mat barna

Börnin eru spurð út í líðan í skólastarfinu þar sem farið er yfir fastar stundir, frjálсан leik, útiveru og fleira. Hugmyndir þeirra eru nýttar til að efla starf skólans eins og til dæmis á Öskudaginn var dagurinn skipulagður af þeim þar sem var pítsa og litað vatn í boði og borðað á hlaðborði á gólfinu. Eins var útskrift barnanna skipulögð af börnunum og þau ánægð með árangurinn.

Morgunverður


Sendar eru kannanir til foreldra vegna einstakra þátta þ.e. nýjungar í starfi eða álitamála. Að þessu sinni var gerð könnun vegna morgunverðar í leikskólanum sem er í formi grænmetis og ávaxta þar sem hávær rödd foreldris var um að breyta því. Gerð var könnun meðal foreldra barna skólans þar sem ábendingar hafa komið þess efnis frá örfáum í gegnum tíðina. Kom fram í könnuninni að 73% foreldra vildi halda sömu stefnu meðan 27% foreldra vilja sjá breytingu þar á. Þar sem þetta er liður í að auka neyslu barna á grænmeti og ávöxtum, borða á tveggja til þriggja tíma fresti auk þess sem þetta er liður í að styrkja vöðva í munnholi vegna framburðar í töluðu máli höldum við í okkar stefnu í morgunverðinum. Einnig kemur það í veg fyrir hungur og heldur blóðsykrinum jöfnum fyrrihluta dags þegar börn fá grænmeti fyrir kl 8 á morgnanna og svo ávaxta og grænmetismáltíð um kl 9:30 þar með jöfnum við næringarinntök barnsins þannig að þau eru að borða á á tveggja til þriggja tíma fresti yfir daginn.

Skólastefna Urðarhóls um morgunverð

Vilt þú sem foreldri sjá breytingu á fyrirkomulagi morgunverðar í Heilsuleikskólanum Urðarhóli?


 Copy

122 responses



Öskudagur

Öskudagurinn hefur verið með hefðbundnu sniði en í þriðja sinn vorum við með heimagerða búningar sem var partur af umhverfisvernd og sjálfbærni. Börnin gerðu sína búninga sjálf og tók ferlið allt að 4 – 6 vikur frá hugmyndarvinnu, hönnun og svo að nota búninginn á öskudaginn. Almenn ánægja er meðal barna, foreldra og kennara með fyrirkomulagið



Námssvið leikskóla

Námssvið sem metið var síðastliðið skólaár var heilbrigði og vellíðan sem er eitt af áhersluatriðum skólans. Kennarar skólans tala um að vel sé staðið að þessu námsviði en áskorun er að finna næði og rými fyrir rólegt umhverfi fyrir börnin. Mikill fjöldi saman á deildum og opin rými sem eru hlaðin áreitum í leikumhverfi barnsins. Kennara vilja bæta vettvangsferðir og útinám.

Ytra mat (hvað var metið 2021-2022?)

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra og fór hún fram í mars 2023. Niðurstöður munum við nýta okkur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024.

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	96,2%	101/105	4,5%	90,4%	2976/3286	5,8%*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	99,0%	103/104	1,0%	91,6%	3111/3381	7,4%*
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	93,2%	69/74	2,2%	93,2%	1868/1999	0,0%
1.4. Sérþarfir í mataræði	11,1%	12/108	-0,8%	14,6%	514/3534	-3,5%
1.5. Hollt mataræði	100,0%	108	0,0%	93,3%	3214/3443	6,7%*
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	92,7%	101/109	13,5%	88,0%	3102/3526	4,7%

2. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	92,8%	64/69	0,9%	87,2%	1830/2090	5,6%
2.2. Aðstaða	93,6%	73/78	2,1%	90,2%	2321/2561	3,4%
2.3. Félagsleg samskipti	94,0%	79/84	2,0%	94,3%	2469/2615	-0,3%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	63	2,1%	97,2%	1907/1960	2,8%

3. Samskipti við foreldra

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	76,0%	73/96	13,7%	75,8%	2207/2900	0,2%
3.2. Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	88,7%	94/106	2,1%	80,1%	2630/3286	8,6%*
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	91,5%	97/106	-1,3%	93,1%	3096/3320	-1,6%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	77,3%	75/97	4,8%	76,6%	2279/2963	0,7%
3.5. Tímasetning viðburða	90,0%	90/100	9,0%	88,9%	2771/3113	1,1%
3.6. Heimasíða leikskólans	82,9%	63/76	19,1%	84,9%	2219/2602	-2,0%

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	66,7%	20/30	-16,6%	75,5%	632/837	-8,8%
4.2. Flutningur milli skólastiga	55,6%	10/18	5,6%	64,9%	300/449	-9,3%
4.3. Flutningur milli deilda	83,3%	40/48	-1,7%	89,7%	1427/1597	-6,4%

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	15,2%	15/99	-1,5%	13,7%	424/3087	1,5%
5.2. Hlutfall sérfræðipjónustu	11,4%	12/105	-4,1%	10,2%	335/3313	1,2%

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar eru:

- Bæta upplýsingarflæði til foreldra
- Taka aðlögunaráætlunina til endurskoðunar þótt við sjáum að þær áskoranir sem voru þetta haustið þ.e. að laus kennslustofa var ekki tilbúin svo við opnuðum útibú í Siglingarklúbb Ýmis í 8 vikur og þar með var þröngt setið og óreiða á aðlögunarmálum hjá okkur þrátt fyrir að allir gerðu sitt besta. Teljum eðlilegt að þetta hafi haft áhrif.

- Mataræðið teljum við holt en getum bætt okkur í sérfæðinu. Ætlum að gera matseðla fyrir sérfæði samhliða okkar matseðlum.
- Tengsl foreldra og kennara mætti bæta og ætlum við að efla foreldrasamskipti og leggja okkur fram við að tengjast þeim foreldrum sem minna hafa sig í frammi.
- Flutningur á milli deilda og skólastiga er eitthvað sem við sjáum að þarf að bæta. Við teljum reyndar að í þessu komi fram óryggi foreldra fram þar sem kennarar eru meiri þátttakendur í ferlinu en foreldrar. Við veltum fyrir okkur hvort betri upplýsingar eða kynningar gætu aukið öryggið eða hvort við erum í raun að taka hlutverkið af foreldrum og þeir vilji taka meiri þátt í ferlinu.

Starfsmannasamtöl

Ekki náðist að halda starfsmannasamtöl við allt starfsfólk en tókum 2 deildir af 8 deildum. Auk þess voru óformleg samtöl stjórnenda við starfsfólk allt árið. Þetta skólaár var nánast keyrt alla daga á faliðunarstefnu þar sem grunnþjónusta var veitt og með fagmennsku kennara náist að halda faglegum áherslum inni meira af metnaði en tíma og rými. Kennarar eru almennt að bugast undan álagi og alltof mörg börn í of langan tíma. Álagið er allan daginn frá kl 8:00 – 16:00.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Megin áherslur í starfi verða með óbreyttu sniði þar sem við leggjum okkur fram við að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á Næringu, hreyfingu og sköpun.

Næring

Markmið er að setja upp sjónræna matseðla. Hugmyndin er að matseðlarnir verði þannig að auðvelt sé að hafa sérfæði sem líkast því sem er í boði. Höldum áfram að gefa öllum börnum lýsi í hádeginu og leggja áherslu á bragðlaukaþjálfun. Matseðlar eru unnir eftir viðmiðum Embætti landlæknis með áherslu á að borða ferskmeti og úr öllum fæðuflokkum.

Hreyfing

Lögð er áhersla á að auka jafnvægi, samhæfingu, kraft og þor. Kennarar deildanna sjá um íþróttatímana á þessu skólaári og mun Rebekka Gylfadóttir halda utan um útinám hjá elstu börnunum í tengslum við þróunarverkefnið komdu út að leika.

Sköpun

Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir er fagstjóri í tónlist og verður einn dag inni á hverri eldri deild ásamt því tekur söngstund einu sinni í viku á yngri deildum. Hver deild hefur listasmiðju einn dag í viku þar sem unnið er úr mismunandi efnivið og markmið með að börnin fái að skapa út frá upplifunum sínum og reynslu.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Málörvun

Krakkakunst er verkefni sem byggir á því að koma upp gagnabanka með kennsluefni fyrir leikskóla. Verkefnastjórar eru Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir og Gunnhildur Magnúsdóttir sem hafa það að markmiði að koma upp kennsluefni fyrir leikskóla þvert á námssviðin með áherslu á málörvun í gegnum tónlist og sönglög. Hugmyndin er að opna vefsíðuna á afmæli Urðarhóls 17. Nóvember 2023.

Hreyfing, útinám og sköpun

Komdu út að leika og skapa er þróunarverkefni í útikennslu. Þetta verkefni er styrkt af sprotasjóði Rannís og er samvinnuverkefni Kársnesskóla, Urðarhóls, Vatnsendaskóli, Sólhvörf auk þess sem Skógrækt og Menningarhúsin koma að þessu verkefni. Okkar þáttur í verkefninu er að efla samþætt nám í gegnum útikennslu í samvinnu við Skógræktina, menningarhúsin og grunnskólann. Guðrún María Ólafsdóttir er verkefnastjóri þessa verkefnis á vegum Kópavogsbæjar. Við sjáum fyrir okkur að Rebekka Gylfadóttir, aðstoðarskólalastjóri muni leiða útinámið fyrir elstu börnin í samvinnu við kennara deildanna þar sem útinámið mun fléttast inn í námsvið leikskóla. Verður spennandi að sjá þessa þróun.

Foreldrafræðsla

Foreldrafræðsla er verkefni sem er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands 2023 – 2025 og er partur af Farsæld barna. Tveir kennarar frá Urðarhóli leiða verkefnið fyrir okkar hönd þ.e. Hjördís Hrund Ingvadóttir og Ágústa Dröfn Kristleifsdóttir. Markmiðið er að þróa fræðslu um uppeldi og ráðgjöf til foreldra í þágu farsældar barna.

Hugleiðsla fyrir kennara

Stór hluti starfsmanna eru þátttakendur í hugleiðslunámskeiði í boði fyrrum foreldris og íbúa á Kársnesinu. Viðkomandi vill láta gott af sér leiða fyrir samfélagið og þar sem álag er á kennurum er þetta leið í að styðja við þá stétt og efla tækni til að sporna gegn álagi og streitu.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum á foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Í foreldraráð Urðarhóls eru fjórir fulltrúar foreldra þ.e. fulltrúi frá Stubbaseli, Sunnuhóli og svo norður og suðurvæng í Urðarhóli. Kosið er í foreldraráð á kynningarfundum á vetrarstarfi skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Í foreldrafélagi situr einn fulltrúi frá hverri deild ásamt tengilið kennara leikskólans.

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Heilsuleikskólanum Urðarhóli er gert ráð fyrir 18.42 stöðugildum á deildum, 1 stöðu leikskólalastjóra, 0.75 stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólalastjóra, 1 stöðu sérkennslustjóra og 2,5 stöðugildi í eldhúsi sem skiptist þannig að 2 stöður eru í Urðarhólshúsinu, 0.25 staða í Stubbaseli og 0.25 staða í Sunnuhóli sem

eru móttöku eldhús. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Alls eru áætlað að tæplega 39 stöðugildi fyrir skólaárið 2023-2024

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs.

Leikskólaárið 2023 - 2024 munu starfa í Heilsuleikskólanum Urðarhóli auk stjórnenda, sex leikskólakennara með deildarstjórn, sextán leikskólakennara, þrjú í meistaranámi við HÍ, tveir háskólamenntaðir starfsmenn, einn sérkennslustjóri, tuttugu leiðbeinendur auk tveir í eldhúsi auk viðbótarstöðu í móttökueldhúsum. Við erum með 60 % starfsfólks með háskólamenntun og 40 % leiðbeinendur og skiptist eftirfarandi:

Leikskólakennarar	49%
Mastersnemar í leikskólak. Fræðum	5,5 %
Háskólamenntaðir starfsmenn	5,5%
Leiðbeinendur	40%

Við erum heppin með starfsfólk og þakklát fyrir það góða fólk sem er í starfi og margir hverjir með langan starfsaldur. Í þeim tæplega 39 stöðugildum sem eru við skólann skiptast niður á 52 starfsmenn. Starfsaldur skiptist eftirfarandi:

0 – 4 ára reynsla alls 23
5 – 9 ára reynsla alls 11
10 – 14 ára reynsla alls 4
15 – 19 ára reynsla alls 7
20 – 24 ára reynsla alls 5
25 – 29 ára reynsla alls 2

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Þetta skólaár er frekar mikið af nýju fólki í starfi þannig að við leggjum áherslu á að halda kvöldnámskeið með áherslum skólans eins og skráning í Heilsubók barnsins, Heilsustefnuna, Bragðlaukaþjálfun og áherslur í nýrri aðalnámskrá. Einnig til að fylgja eftir umbótaáætlun munum við bjóða uppá námskeið til að efla upplýsingargjöf og hvaða leið er heppilegust til að opna meira aðgengi foreldra að skólastarfinu. Hvað varðar faglegar áherslur munum við leggja áherslu á málþroska og ISAT nemendur ásamt því að vera með snemmtæka íhlutun í takt við farsæld barna.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn 15. September 2023

Fyrsta skipulagsdag ársins förum við yfir öryggismál, samræma starfaðferðir og skipuleggja skólaárið. Einnig fengum við kynningu frá innleiðingarteyminu um farsæld barna þ.e. kynning á verkferlum og markmiði samþættrar þjónustu í þágu barna.

2. Fimmtudaginn 15.nóvember 2023

Annar skipulagsdag skólaársins er fyrirhugað að Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir kynni lokaritgerð sína í leikskólakennarafræðum. Hún fjallar um máltök barna ef erlendum uppruna. Einnig munum við fara betur í umhverfisvernd og sjálfbærni auk þess að samræma starfsaðferðir.

3. Föstudaginn 26. Janúar 2024

Þriðja skipulagsdag skólaársins endurmetum við haustönnuna og leggjum drög að vorönn 2024.

4. Þriðjudaginn 12.mars 2024

Fyrirhugað er að fara í námsferð innan lands og skoða nýjan leikskóla á Hvolfvelli.

5. Föstudagurinn 10. maí 2024

Endurmat og leggjum drög að næstu starfsáætlun. Einnig verður sumarstarfið skipulagt.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna (hvað eru mörg börn næsta leikskólaár, aldursskipting, hve mörg börn tvítyngd/þrítyngd), dvalartími barna, sérkennsla)

Nú í fyrsta skipti frá því 1997 verður skólinn með eina skólalóð en starfsemin er í þremur húsum. Nemendur alls verða 130. Aldursskipting er eftirfarandi:

Börn fædd 2017 alls 1

Börn fædd 2018 alls 30

Börn fædd 2019 alls 32

Börn fædd 2020 alls 39

Börn fædd 2021 alls 28

Barnahópnum er skipt upp á deildir og erum við með þrjár deildir fyrir 2018 – 2020, eina deild 2019 – 2020 og tvær yngstu deildir 2020 – 2021. Á eldri deildum erum við með 24 börn 19 á millideild og 19 börn eru á yngri deildum.

Meðal dvalartími barna hefur farið úr 8,1 klukkustund í 7 klukkustundir og 35 mínútur. Eftir breytingar á gjaldskrá hefur álagið yfir daginn minnkað þar sem um 50 börn fara fyrr heim og eru farin úr húsi kl 15:15 og munar að hafa eingöngu 80 börn í 8 – 9 klukkustundir en ekki 130 börn. Það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun þetta skólaárið þar sem eingöngu mánuður er liðinn frá því að ný gjaldskrá var tekin upp.

Töluverð sérkennsla er þetta skólaárið eða alls rúmlega 7 stöðugildi. Sérkennslan fer bæði fram í hópi og einnig fyrir einstaklinga sem þurfa stuðning allan skóladaginn.

Börn með annað móðurmál en íslensku eða ISAT nemendur eru 22 í heildina. Þau koma frá 12 þjóðlöndum og 7 af 22 börnum eru með báða foreldra erlenda og því ekki töluð íslenska heima fyrir.

Húsnæði og lóð

Við bættum við skólann áttundi deildinni og kemur viðbótin vel út. Vorið 2022 greindist mygla í Stubbaseli í eldhúsi og var innréttingum og gólfduík skipt út. Gluggar á austurhlið voru teknir og settur nýr þéttikantur. Eldhústæki skólans voru komin til ára sinna og er búið að skipta út uppþvottavél og bökunarofni.

Sumarið 2023 var grasbarð við leikfangahús lagað og stendur til að laga rennibraut við Stubbasel október 2023.

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

Skoða inngang við íþróttasal að setja upp vinskýli þar sem verið er að nýta þann inngang mun meira en áður. Einnig leka við hurð í íþróttasal. Heildarútbætur á lóð. Betur þarf að huga að skilrúmum til að minnka áreiti og eru þau á óskalistanum. Eldhús þarfnast lagfæringar þar sem rými er lítið og illa skipulagt. Einnig er ósk um nýja innréttingu í listasmiðju.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón. Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Áfallaráð skólans er:

Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri
Rebekka Gylfadóttir, aðstoðarleikskólastjóri
Hjördís Stefanía Guðnadóttir, sérkennslustjóri
Hjördís Hrund Ingvadóttir, leikskólakennari.

Öryggisvörður:

Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri
Rebekka Gylfadóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Öryggistrúnaðarvörður:

Solveig Kristjánsdóttir, leikskólaliði – Stubbasel
Hrund Traustadóttir, deildarstjóri – Sunnuhóll
Hjördís Hrund Ingvadóttir, leikskólakennari - Urðarhóll

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2022-2023 urðu sjö slys sem skráð voru í Atvik þar af einn kennari sem datt á útisvæði og sex slys á börnum.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags	Fleiri á réttindanámskeið	2023/2024	Sérkennslustjóri	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	2 farið á réttindanámskeið, fyrirlagir í réttum farvegi
Tónlistarstundir bjóðist á öllum deildum	Endurmat deildarstjóra	Setja sem stöð í hópastarfi, hafa opna stund sem er deildablönduð	2024	Fagstjóri í tónlis	Tónlistarstundir í dagskipulagi	100% staða Fagstjóra í tónlist reiknast sem afleysing á deildum
Hindranir í þátttöku í símenntun	Sjálfsmat deilda	Starfsmannasamtöl taki á þessu	Haust 2023	Aðstoðarskólalastjóri	Símenntunaráætlun	Spurt um símenntun í stuttum haust samtölum, farið yfir möguleika, grunnur til að símenntunaráætlun
Börn verði þátttakendur í að búa til samskipta og umgengnisreglur; samræma milli deilda	...	Stofna umræðuhópa barna og vinna útfra niðurstöðum þeirra.	2023 /2024	Deildarstjórar	Reglur útgefnar.	Fara í gang eftir samskiptasáttmála starfsfólks þann 10.mai
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins		Matsteymi virki, s.s.viðburða og eldhúss. Velja skipulagsatriði og setja í mat barna.	2023/2024	Matsteymi	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Lýðræðishópur hefur tekið nokkur skref í að fá hugmyndir barna um matstofu og hrekkjavökudag og öskudegi. Val barna á matseðli er sýnilegt. Höfðu áhrif á þemaviku.

Börn komi að mati á leikskólafarfinu		Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	2023/2024	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggja fyrir	Ekki hafið.
Hljóðvist í húsnæði		Skoða lausnir eins og mottur, gluggatjöld, skilrúm, hópaskipting í rýmum, bolta undir stóla	Haust 2023	Skólastjórnendur	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.	Motta á kubbatorg, tilraun með plastdúka, áhersla á hópaskiptingu og nýtingu rýma á öðrum deildum fyrir hópa
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið		Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki til að skapa pressu	2023/2024	Skólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Samtöl í febrúar skipulögð.
Fræðsla um hvernig takast á við erfiða/krefjandi hegðun barna		Foreldrafundur 16. Nóvember 23	Haust 2023	Skólastjórnendur	Sjáist í dagskrá	
Meðvitund foreldra um markmið leikskólafarfsins og mat á framförum barna; miðlun slíkra upplýsinga		Útskýra markmið og leiðir í tölvupósti til foreldra. Skoða foreldraviðtöl og undirbúning þeirra. Kynna starfsáætlun betur.	2020/2021	Deildarstjórar og stjórnendur	Endurtekning á könnun foreldra	Foreldrar fengu fræðslupóst haustið 2020, verður þáttur í undirbúningi viðtala feb. 21. Starfsáætlun send öllum foreldrum og staða á umbótaáætlun send í feb. 21. Könnun í loftinu.
Vinnuaðstaða starfsfólks, meira næði og fundaraðstaða	áhættumat	Gera stundatöflu vegna undirbúningstíma og einstaklings- og hóppjálfun vegna nýtingar aðstöðu	Haust 2023	Öryggisnefnd	Tekið fyrir á skipulagsdegi 15. Nóvember 23	Í vinnslu hjá öryggisnefnd
Starfsmannafundir, fagfundir og samráðsfundir verði fleiri yfir árið		Ræða markmið og tímasetja fundi.	2023/2024	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggja fyrir.	Komið í vinnslu

Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs		Hrósá, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2023/2024	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks	Jákvæð sálfræði þema vetrarins og gerð samskiptasáttmála, Fundargerðum dreift, FB hópur virkur í hrósi.
Aðlögunarferlið tekið til endurskoðunar		Fara yfir viðtöl og ábendingar	2023 / 2024	Matsteymi	Könnun til foreldra	Senda könnun á foreldra nýnema
Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns; markvissara mat á framförum barna.		Markvissar umræður á deildum, nái til alls starfsfólks, skoða tæki til að hafa yfirsýn fyrir hvert og eitt barn og þeirra námsleiðir.	2023/2024	Matsteymi	Sjálfsmat deilda, heilsustefnan	Í vinnslu
Efla málþroska og læsi		Lubbi fari í virkni á fleiri deildum. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks. Kynning á lokaverkefni Ingu	2023/2024	Matsteymi	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Lubba verkefnið farið í meiri virkni, málörvun í handbók um Sí kynnt á starfsdegi, tengiliður sérkennslu allra deilda
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna		Þemavika verði um heimamenningu	Vor 2024	deildarstjórar	Nýjar áherslur birtist í þemaviku	Breytt – nýtt þema tekið fyrir í þemaviku frá umbótaþópi náttúru
Efla skráningar og nýtingu Heilsubókar með fræðslu til starfsfólks		Fá inn fræðslu um skráningar og nýtingu á niðurstöðum í skólafarfinu	15. nóvember 2023	Skólastjóri	Rætt betur á deildarfundum	Virkja allt starfsfólk
Miðlun ljósmynda og starfi til foreldra í gegnum Canva		Fræðslu til kennara á nýtingu Canva	2023	Stjórnendur	Ánægja starfsfólks og foreldrakönnun	Í vinnslu

Fylgiskjal 2–Símenntunaráætlun						
Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Eftirfinna	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2023	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Sólveig frá velferðarsviði kynnir nýja þjónustu fyrir börn og fjölsk. Farsæld barna	15.sep	4 tímar	Unnið á vinnutíma, starfsmaður velferðarsviðs	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á stefnuskólans og aga fyrirlestur	lok október	2 tímar	65.000 kr	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kynning á canva og heilsubókinni	15.nóv	8 tímar		Leikskólastjóri og fagstjóri í tónlist
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat óg áætlunargerð	26.jan	8 tímar		Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Málörvun og börn með annað tungum en ísl Námsferð	12.mars	8 tímar	200.000 kr	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	10.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	2x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Heilsuleikskólinn Urðarhóll

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	
1 Þ	Sumartri - LOKAB	1 F	1 S	1 M	1 F Fulveldisdagurinn	1 M	Nýlendagur	1 F	1 M	Annar í Píslum	1 M Verkalýðdagurinn Sveltiferó	1 L	1 M
2 M	Sumartri - LOKAB	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	Sjömannadagurinn	2 Þ
3 F	Sumartri - LOKAB	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 M
4 F	Sumartri - LOKAB	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	Læcisvika 6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 L
7 M	Fridagur verðunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	Forelrasund 14:30	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	Sumartri - LOKAB	8 F	Dagur leika	8 S	8 M	Baráttudagur gegn einelli	8 F	8 M	8 F	8 M	8 L	8 M	8 M
9 M	Sumartri - LOKAB	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	Lokar M 13:00
10 F	OPNAR KL 13:00	10 S	10 Þ	10 F	10 S	2. adventu	10 M	10 L	10 S	10 F	10 M	10 M	10 M
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	adventu	11 F	11 S	Dagur leikna tákmalára	11 M	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	adventu	12 F	12 M	Bolludagur	12 M	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M	13 L	Jólaböf / Jólamatur	13 L	13 Þ	Sprengidagur	13 M	13 L	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ	14 F	adventu	14 S	14 M	Dagur stærfræðnar	14 F	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ		15 F	Skipulagsdagur LOKAB	15 S	15 M	Skipulagsdagur LOKAB	15 F	15 M	15 F	15 M	15 L	15 M	15 M
16 M		16 L	Dagur leikna náttúru	16 M	16 F	Dagur leikna tungu	16 F	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 Þ	17 M	17 F	17 S	Urðarhóll 23 ára Flæði	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	adventu	18 F	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	adventu	19 F	19 M	Böndadagur Upphaf þorra	19 S	19 M	19 F	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M	20 L	adventu	20 F	20 M	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 L
21 M		21 F	21 L	21 Þ	21 F	adventu	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ		22 F	22 S	22 M	22 F	adventu	22 M	22 F	22 F	22 M	22 L	22 M	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L	Þorlákamessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S	Aflangastagur jóla	24 M	24 L	24 S	24 F	24 M	24 F	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M	Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F	25 Þ	25 F	25 F
26 L		26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	Annar í jólu	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S		27 M	27 F	27 M	27 L	Jólafrí	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L	28 Þ	28 F	Jólafrí	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	Jólafrí	29 M	29 F	29 L	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L		30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	31 M		31 S	Gamladagur	31 M		31 S	31 F		31 M	31 M

Fylgiskjal 4

Kópavogi, 17.október 2023

Efni: Umsögn foreldraráðs Heilsuleikskólans Urðarhóls um starfsáætlun skólans 2023-2024

Foreldraráð lýsir yfir ánægju með störf og metnað stjórnenda og starfsmanna í Urðarhóli. Gott starf er unnið í leikskólanum og metnaður og áhugi starfsmanna er augljós.

Kennarar og leiðbeinendur hafa kvartað undan gífurlegu álagi og að ekki náist að halda uppi faglegu starfi sökum undirmönnunar en keyrt var á faliðunar stefnu nánast alla daga síðasta vetur. Þetta er mikið áhyggjuefni og því verður áhugavert að sjá niðurstöður úr næstu starfsmannasamtölum eftir breytingar sem Kópavogsbær gerði á leikskólamálamum haustið 2023. Gera má ráð fyrir að þessar breytingar auki starfsánægju, auki faglegt starf og fækki veikindadögum.

Sunnuhóll var tekinn í notkun haustið 2022, 8 vikum á eftir áætlun. Mikil ánægja virðist vera með húsið, það er bjart innandyra, góð hljóðvist og mörg rými þar sem hægt að skipta barnahópnum í minni hópa.

Foreldraráð hvetur til þess að farið verði í lagfæringar á eldhúsi, skilrúmum bætt við til að minnka áreiti í aðal húsinu auk þess að lagfæra/bæta inngang inn í íþróttasal. Góð vinnuaðstaða er lykilatriði þegar kemur að starfsánægju starfsmanna ásamt því að auka öryggi á staðnum.

Ánægjulegt er að Urðarhóll hafi ráðið leikskólakennara með menntun í klassískri tónlist sem fagstjóra í tónlist. Í gegnum tónlistina fá börnin æfingu í sköpun og tjáningu sem mun gagnast þeim vel á lífsleiðinni. Niðurstöður rannsókna sýna að tónlist getur haft góð áhrif á marga þætti innan leikskólastarfsins og að notkun hennar hefur félagslegan ávinning auk þess að stuðla að samvinnuhæfni hjá nemendum.

Í starfsmannahópi Urðarhóls eru tæplega 50% menntaðir leikskólakennarar. Þetta er hærra hlutfall en gengur og gerist í leikskólum í nágretta sveitarfélögum. Þessu ber að fagna og sýnir greinilega að gott er að starfa á Urðarhóli undir forystu Sigrúnar Huldu Jónsdóttur.

Foreldraráð Heilsuleikskólans Urðarhóls 2023-2024